

Tryggingaeftirlitið skal senda kostnaðaráætlanir og yfirlit um álagningu til Sambands íslenskra tryggingafélaga, svo og ársreikninga þegar þeir liggja fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1982.

Friðjón Þórðarson. Jón Helgason. Logi Einarsson.
(L. S.)

Svavar Gestsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð og lögum nr. 53/1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

8. gr. laga nr. 42/1903 orðist sem hér segir:

Hver sá er rekur verslun, handiðnað eða verksmiðjuiðnað skal hlýða ákvæðum þeim, er hér fara á eftir, um nafn það, er hann notar við atvinnuna, og um undirskrift fyrir hana (firma), enda beri fyrirtækið og atvinnustarfsemi þess nöfn, sem samrýmist íslensku málkerfi að dómi skrásetjara. Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953.

2. gr.

4. gr. laga nr. 53/1963 orðist sem hér segir:

Leyfi samkvæmt lögum þessum er óheimilt að veita, ef umsækjandi fullnægir ekki eftirgreindum skilyrðum:

1. Er fjárráða.

2. Hefur forræði á búi sínu.

3. Er heimilisfastur á Íslandi og hefur verið það síðasta ár.

4. Nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi fellur að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli.

Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953.

Áður en lögreglustjóri veitir leyfi skal hann leita álits bæjar- og sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar (heilsugæslulæknis þar sem heilbrigðisnefnd er ekki starfandi). Lögreglustjóri getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt leyfi til tækifærisveitinga án þess að leitað sé um þau álits, og utan kaupstaða getur hreppstjóri á sama hátt veitt slík leyfi. Leyfi skulu bundin við nafn og óframseljanleg. Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til ráðuneytis.

12. maí 1982.

75

Nr. 57.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 24/1959.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1982.

Friðjón Þórðarson.

Jón Helgason.

Logi Einarsson.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

14. maí 1982.

Nr. 58.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 95 20. des. 1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsg., er verði 2. mgr. og orðist svo:

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum meðmælum landlæknis, að ákvæði 1. mgr. nái einnig yfir geislatæki er framleiða aðra geisla en jónandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1982.

Friðjón Þórðarson.

Jón Helgason.

Logi Einarsson.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

14. maí 1982.

Nr. 59.

LÖG

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

41. gr. hljóði svo:

Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 40. gr., skal tryggð ókeypist vist að ráði læknis í sjúkrahúsum, sem ríkið rekur (ríkisspítölum), svo og þeim sjúkrahúsum öðrum, sem